

Fundargerð 536

Föstudaginn 10. maí 2024 kom stjórn Byggðastofnunar saman á fjarfundi. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Óli Halldórsson (ÓH) formaður, Guðný Hildur Magnúsdóttir (GHM), Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH), Haraldur Benediktsson (HB), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH) og Oddný Árnadóttir (OÁ). Auk þeirra sátu fundinn Arnar Már Elíasson (AME) forstjóri, Erla Hrunn Þórarinsdóttir (EHP) umsjónarmaður áhættustýringar (við dagskrárlið 1), Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Hrunn Pétursdóttir (HP) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Pétur Friðjónsson (PF) sérfræðingur á fyrirtækjasviði (við dagskrárlið 8), Sigurður Árnason (SÁ) sérfræðingur á þróunarsviði og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 10:00 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. ICAAP skýrsla 2023 - til afgreiðslu
2. Starfsáætlun stjórnar - til afgreiðslu
3. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar
4. Skipun endurskoðunarnefndar Byggðastofnunar - til afgreiðslu
5. Endurskoðun á starfsreglum endurskoðunarnefndar - til afgreiðslu
6. Lánamál - kynningar
7. Vextir Byggðastofnunar - til afgreiðslu
8. Val á Byggðarlögum um aflamark Byggðastofnunar - til afgreiðslu
9. Önnur mál
10. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

Í upphafi fundar kynntu stjórnar- og starfsmenn sig. Formaður upplýsti að í lok fundar yrði fundargerð undirrituð rafrænt.

1. ICAAP skýrsla 2023 - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur ICAAP skýrsla ársins 2023 sem EHP kynnti.

Formaður bar ICAAP skýrslu ársins 2023 upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

EHP vék af fundi.

2. Starfsáætlun stjórnar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur tillaga að dagsetningum, staðsetningum og fundarefni stjórnarfunda Byggðastofnunar fram að næsta ársfundi sem áætlaður er í maí 2025. AME kynnti starfsáætlunina, fyrirhugaðar dagsetningar, staðsetningar og fundarefni funda.

Til máls tóku allir stjórnarmenn og AME.

Ákveðið að færa september fund stjórnar fram til 26. september.

Formaður bar starfsáætlunina með ofangreindri breytingu upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

3. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur framfylgd starfsáætlunar og staða rekstrar 30. apríl sl. sem AME kynnti.

Til máls tóku ÓH, GHM, HB og KB.

Stjórn hefur áhuga á að ræða áfram um óstaðbundin störf og byggðavísitölu.

4. Skipun endurskoðunarnefndar Byggðastofnunar - til afgreiðslu

AME lagði til að þessum dagskrárlið yrði frestað fram til næsta fundar þar sem ekki hefði tekist að manna nefndina.

Formaður kannaði hvort athugasemdir væru við að fresta málinu og komu ekki fram athugasemdir við það.

5. Endurskoðun á starfsreglum endurskoðunarnefndar - til afgreiðslu

AME lagði til að þessum dagskrárlið yrði frestað fram til næsta fundar.

Formaður kannaði hvort athugasemdir væru við að fresta málinu og komu ekki fram athugasemdir við það.

6. Lánamál - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir lánaákvæðanir lánanefndar og fundargerðir nefndarinnar nr. 18/24 og 19/24 sem HP reifaði.

Formaður frestaði fundi milli kl. 11:07 og 11:13.

7. Vextir Byggðastofnunar - til afgreiðslu

Vaxtabreytingar

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns fyrirtækjasviðs um leiðréttingu á vöxtum ákv. lánaflokka sem tengjast samkomulagi við Evrópska fjárfestingasjóðinn (EIF) sem samþykktir voru á síðasta fundi stjórnar Byggðastofnunar.

Lagt er til við stjórn að samþykkt verði eftirfarandi:

- vaxtakjör óverðtryggðra grænna lán með InvestEU ábyrgð verði 2,5% ofan á REIBOR til samræmis við samheitaflökk.
- vaxtakjör lána til atvinnureksturs kvenna með InvestEU ábyrgð verði 2,5% ofan á REIBOR til samræmis við samheitaflökk.
- verðtryggð lán til fiskvinnslu í viðkvæmum sjávarbyggðum beri 5,5% vexti til samræmis við samheitaflökk sem fellur undir InvestEU ábyrgðina.

Lagt er til að þessar breytingar auk þeirra sem samþykktar voru á stjórnarfundi 17.apríl sl. taki gildi 1. júní 2024, enda verði ábyrgðasamkomulag við InvestEU orðið virkt.

Til máls tók ÓH.

Formaður bar upp ofangreindar tillögur og voru þær samþykktar samhljóða.

Erindi frá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar

Fyrir fundinum liggur bréf frá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar og minnisblað frá forstjóra sem AME kynnti.

Í bréfinu kemur eftirfarandi fram eftirfarandi ályktun: „*Aðalfundur Búnaðarsambands Eyjafjarðar skorar á stjórn Byggðastofnunar og önnur fjármálaþyrirtæki að stofna lánaflökk til þess að vextir með veði í landi til matvælaframleiðslu verði með lágmarks vaxtaálagi fjármálastofnana. Vart sé hægt að hugsa sér tryggara veð.*“

Lagt er til að stjórn feli forstjóra að svara erindinu á þann hátt að sérstakur lánaflökkur stofnunarinnar til landbúnaðar sé þegar með hagstæðustu kjörum stofnunarinnar og að vænt samkomulag við Evrópska fjárfestingasjóðinn muni áfram tryggja þær lánveitingar.

Til máls tóku HB og ÓH.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

8. Val á byggðarlögum um aflamark Byggðastofnunar - til afgreiðslu

PF kom á fundinn undir þessum dagskrárlið.

Fyrir fundinum liggur minnisblað Péturs Friðjónssonar, Reinhards Reynissonar og Sigurðar Árnasonar sérfræðinga hjá Byggðastofnun, verklagsreglur um aflamark Byggðastofnunar auk fundargerðar aflamarksnefndar frá 7. maí sl.

SÁ kynnti minnisblaðið og tillögur um val á byggðarlögum vegna úthlutunar aflamarks Byggðastofnunar næstu sex fiskveiðiárin.

Tillögurnar gera ráð fyrir að til úthlutunar á hverju fiskveiðiári verði 5.000 þorskígildistonn líkt og undanfarin ár. Komi til þess að ráðuneyti úthluti minna magni til aflamarks Byggðastofnunar skerðist úthlutun hlutfallslega frá því magni.

Tillögurnar eru eftirfarandi:

a. *Staðir með innan við 100 íbúa: Drangnes, Grímsey, Bakkafjörður og Borgarfjörður eystri.*

Lagt til að auglýst verði allt að 300 þorskígildistonn á Drangnesi, Grímsey og Bakkafirði og allt að 200 þorskígildistonn á Borgarfirði eystri. Úthlutað verði til sex ára.

b. *Staðir með 100-300 íbúa: Tálknafjörður, Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Hólmavík, Hrísey, Raufarhöfn og Breiðdalsvík.*

Lagt er til óbreytt magn á öllum stöðum, þ.e. allt að 350 þorskígildistonn í Hrísey, allt að 400 þorskígildistonn á Flateyri, Breiðdalsvík og Tálknafirði og allt að 500 þorskígildistonn á Raufarhöfn, Þingeyri, Suðureyri og Hólmavík. Úthlutað verði til sex ára.

c. *Staður með yfir 300-450 íbúa: Djúpvogur.*

Lagt til að auglýst verði allt að 350 þorskígildistonn til þriggja ára.

Aflamarksnefnd Byggðastofnunar fjallaði um tillögurnar á fundi 7. maí sl. Voru þær samþykktar samhljóða í nefndinni og vísað til stjórnar til afgreiðslu.

Til máls tóku ÓH, KB, HB, AME, og PF.

Formaður bar ofangreindar tillögur upp til samþykktar og voru þær samþykktar samhljóða.

PF og SÁ viku af fundi.

9. Önnur mál

Engin önnur mál rædd.

10. Næsti fundur

Næsti fundur er skv. starfsáætlun 6. júní nk. á Sauðárkróki.

Fundargerðin yfirfarin og samþykkt.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 11:53.

Magnús Helgason fundarritari.

Óli Halldórsson

Guðný Hildur Magnúsdóttir

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Haraldur Benediktsson

Karl Björnsson

María Hjálmarsdóttir

Oddný Árnadóttir